

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga (FHS), mánudaginn 15. maí 2023.

Mætt voru:

Fyrir hönd félaganna: Hjalti Einarsson og Júlíana Guðmundsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á störfum í leikskólum

Ekki er til mat á störfum háskólamenntaðs starfsfólks í leikskólum. Þessum störfum hefur verið raðað til bráðabirgða í launaflokk 26, launatöflu C og í starf sérfræðings í velferð í launaflokk 156, launatöflu starfsmats og ekki eru gerðar athugasemdir við þá framkvæmd.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að störf háskólamenntaðs starfsfólks í leikskólum (og öðrum þeim störfum sem ekki er til starfsmat fyrir) fari í starfsmat strax.

Fleira ekki gert.